

..Þá sá ég allt í einu bjarndyr sem var í kappi að tina ber og láta upp í sig jafnóðum. Því björninn átti engu dala til að tina í. Og nú sá hann mig, stóð upp á afur-lappinnar og hélt framloppunum hátt upp eins og hermaður sem gefst upp..

Þegar Guðjón R. Sigurðsson var tveggja vikna, vorið 1903, fluttu foreldrar hans til Kanada en hann varð eftir hjá ættingjum í Austur-Skattafellssýslu. Rúmllega tvítugur fór hann vestur um haf með ekkert nema eftirvæntinguna í farteskínu. En feðgarnir áttu ekki skap saman, bústörfn í sveitinni hentuðu Guðjóni ekki og á kreppuárunum þegar litla vinnu var að fá hafðist hann við úti í óbyggðum og veiddi í slóg og á.

Saga Guðjóns er ólík sögum margra annarra vesturfarra. Hann festi hvergi rætur og stofnaði aldrei fjölskyldu. Aratugum saman flakkadi hann um landið og vann fyrir sér sem veiðimaður, verkamaður, smiður, málarí og sjómáður, óft við háskalegar aðstæður. Hann kynntist ótal eftirminnilegum einstaklingum og var alls staðar eftirsóttur félagi.

Íslensku fjölliðn drögu Guðjón aftur heim á sjöunda áratugnum og þá hóf hann að rita ævriminningar sínar. Hann var mikill sögumaður og þéttur, fjörlegur og falslaus textinn segir ekki aðeins frá ævintýrallegu lífi, heldur verpar ljósi á mann sem hefur lúmskan húmor fyrir sjálfum sér, fær sínar eigin leiðir, hræðist hvorki birni né óðliða náttúru og mætur hinu óþekktu af óttaleysi og bjartsynri hins fjálsta manns.



Þórður Sævar Jónsson bjó endurminningar Guðjóns R. Sigurðssonar til útgáfu og ritar formála. Þórður Sævar er með BA-gráðu í forngrísku og MA-gráðu í ritlist. Hann hefur sent frá sér ljóðabækur og þýðingar.



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



Ævintýri
og líf í
Kanada

Endurminningar
Guðjóns R.
Sigurðssonar

Ævintýri og líf í Kanada

Endurminningar
Guðjóns R. Sigurðssonar



Þórður Sævar Jónsson
bjó til útgáfu